



BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

Ársskýrsla 2024



Forsíða	1
Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2024	4
Starfsfólk	5
Húsakynni	8
Viðgerðir og viðhald	9
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	9
Aðstaða til varðveislu	12
Rannsóknir og miðlun þeirra	12
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2024	14
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	22
Kirkjubær	24
Rjómabúið á Baugstöðum	24
Fræðslustarf	26
Safnaráð	28
Samstarf	28
Fundir, námskeið og ráðstefnur	31
Nýr kynningarbæklingur	31
Kynningar- og markaðsmál	32
Héraðsnefnd og stjórn	33
Um rekstur og fjárhag safnsins 2024	34

www.byggdasafn.is

info@byggdasafn.is

*Forsíðumyndin er tekin við opnun sýningarinnar „Konurnar á Eyrarbakka“ þann 10. júní 2024.
Ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.*



Fjórði bekkur Sunnulækjarskóla á Selfossi eftir vel heppnaða heimsókn í safnið 3. júní.

Formáli

Í stofnskrá safnsins segir: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“

Á árinu 2024 var öflugt safnastarf unnið við Byggðasafn Árnesinga í samræmi við stofnskrá á sviði varðveislu, skráningar, sýninga og innra starfs. Safnað er eftir söfnunarstefnu. Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla safnmuna, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem mörg minja- lista og náttúrusöfn standa að. Á undanförunum árum hefur verið áttak í gangi um myndvæðingu færslna í Sarp.

Sýningar ársins voru fimm. Á þorra var sýning fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla, um páska opnaði ljósmyndasýningin „Ef garðálfar gætu talað“ og í júní „Konurnar á Eyrarbakka“, allar þessar sýningar voru í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka var sett upp sýningin “Gullspor” og í borðstofu var sett upp hefðbundin jólasýning á aðventu. Fjölmarginir viðburðir voru á safninu á árinu og þeir rækilega auglýstir á samfélagsmiðlum. Áttak var í gangi við markaðssetningu safnsins, gefin var út nýr kynningarbæklingur og ný heimasíða leit dagsins ljós.

Gestir í safnið urðu 6.628 talsins. Salur Búðarstígs 22 var vel nýttur á árinu m.a. til leiksýningar og myndlistarsýningar.



Grunnsýning Byggðasafns Árnesinga er í Húsinu og Assistentahúsinu. Ljós. Bjarki Guðmundsson.

Á vettvangi stjórnar safnsins var starfsemin til umræðu og fundaði stjórnin í fimm skipti. Vænta má breytinga á stjórnskipulagi safnsins á næstunni.

Opnunartími og gestafjöldi 2024

Opið var um páska og á menningarhátíðinni Vor í Árborg. Sumaropnun hófst 1. maí og var opið til 30. september. Opið var um helgar í október. Opið var þrjá sunnudaga á jólaaðventu. Almennur aðgangseyrir var kr. 1.500. Boðið var upp á ársmiða.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2024 urðu 6.528 þar af 1.568 erlendir og 450 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2023 urðu 6.450 þar af 1.469 erlendir og 470 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2022 urðu 6.003 þar af 1.494 erlendir og 774 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2021 varð 3.880 þar af 629 erlendir og 875 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2020 varð 1.306 þar af 210 erlendir og 460 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2019 varð 5.580, þar af 1.370 erlendir og 445 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áreiðanleg talning starfsmanna. Dagbók er haldin í Húsinu á Eyrarbakka þar sem merkt er við hvern og einn gest.

Gestir komu á auglýstum tímum. Gestir komu á opnanir og viðburði og mikil aðsókn var að safninu á Jónsmessuhátíð Eyrbekkinga í júní. Skólahópar komu jafnt og þétt allt árið en einkum í lok maí og á aðventu. Jóladagskráin var mjög vel sótt. Fyrirhugað er að beina markaðssetningu safnsins að ferðalöngum á ferðum um landið og að ferðaskrifstofum.

Góð nýting var á sal Búðarstígs 22 á árinu. Þar eru eldri borgarar á Eyrarbakka með aðstöðu tvisvar í viku og Ungmennafélagið á Eyrarbakka spilar félagsvist vikulega yfir vetrartímamann. Á vegum safnsins var boðið upp á almenna fyrirlestra og móttökur fyrir ýmsa skólahópa. Margir viðburðir og fundir voru þar sem ekki voru á vegum safnsins. Salurinn hentar vel í allskonar veislur og í salnum var fermingarveisla í maí og brúðkaup í lok nóvember.

Starfsmenn safnsins halda þar vinnufundi og eiga þar oft fundi með þeim sem koma í þeim erindagjörðum að gefa merka muni á safnið eða eiga við starfsmenn önnur erindi. Stjórn safnsins heldur sína fundi í salnum. Salurinn reyndist vel fyrir myndlistarsýningu Jóns Inga Sigurmundssonar í maí. Salurinn hentaði einnig vel fyrir leiklist en nýstofnað Leikfélag Eyrarbakka leigði salinn í mars og apríl fyrir sitt „deput“. Gestabók er í Búðarstíg 22 og skrifuðu 537 í hana á árinu, einungis gestir Byggðasafns



Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Ljósm. Bjarki Guðmundsson.

Árnesinga. Þeir sem komu vegna útleigu salar Búðarstígs 22 eru ekki í þessari tölu. Salur Búðarstígs 22 er nauðsynleg stoð fyrir starfsemi safnsins og jafnframt góð aðstaða fyrir margskonar viðburði.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA ásamt kennsluréttindum, MA í hagnýtri menningarmiðlun og viðbótar-diploma í safnafræði, *safnstjóri* í 100% stöðu. Lýður hefur starfað við safnið frá árinu 1992. Starfssvið safnstjóra er víðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Hann ber einnig ábyrgð á að viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Baugsstöðum.



Safnverðirnir Linda Ásdísardóttir og Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir líta upp frá uppsetningu jólasýningarinnar.

Linda Ásdísardóttir, íslenskufraeðingur BA og safnfræðingur MA, *safnvörður* í 100% stöðu. Hefur starfað við safnið frá 2008 með hléum. Starf Lindu er víðtækt og hefur með höndum verkefnastjórn á ýmsum verkefnum. Verkefnastýring hennar á árinu var á sviði sýninga, mótun nýs kynningabæklings, eflingu heimasíðunnar og við markaðskynningu á samfélagsmiðlum.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir íslenskufraeðingur BA, kennari og safnafræðingur MA kom til starfa 2. mars 2020. Starfsheiti hennar er *safnvörður* og starfar hún með safnstjóra að faglegum störfum safnsins. Á árinu vann hún einkum að móttöku skólahópa, mótun fræðslustefnu safnsins og að uppsetningu sýninga safnsins. Hún er í 60% starfshlutfalli.

Fagmenntaðir starfsmenn Byggðasafns Árnesinga eru þrír og starfa allt árið við að reka safnið. Auk þess voru eftirtaldir í hlutastörfum, aðallega við sýningargæslu og leiðsögn:

Freyja Katra Erlingsdóttir hefur starfað við safnið á sumrin í rúman áratug. Hún sá um að halda Rjórabúinu á Baugsstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst og tók á móti hópum á öðrum tímum. Hún sat jafnframt vaktir í Sjóminjasafninu og Húsinu.

Þórey Eyþórsdóttir vann í gæslu og leiðsögn í Húsinu og Sjóminjasafninu yfir sumarið. Einnig um páskana, í október og á aðventu. Hún hefur aðstoðað við fleiri þætti í starfseminni eftir þörfum.

Elín Karlsdóttir framhaldsskólanemi vann við gæslu einkum í Húsinu en einnig í Sjóminjasafninu yfir sumarið.

Jóhanna Naomí Ragnarsdóttir grunnskólanemi vann við gæslu í Sjóminjasafninu yfir sumarið.

Guðrún Magnúsdóttir vann við gæslu og leiðsögn einkum í Húsinu yfir sumarið, um haustið og á aðventu.



Kirkjubær er dæmigert almúgahús og hefur verið hluti af sýningahaldi safnsins frá árinu 2016. Ljós. Bjarki Guðmundsson.

Ingibjörg Eiríksdóttir tók vaktir í ágúst og september í Húsinu og Sjóminjasafninu.

Kristina Sveinsson er ræstitæknir safnanna.

Guðlaugur Gunnar Jónsson var safninu mikil hjálparhella er kom að umsýslu safnmuna, einkum bifreiða og véla sem safnið varðveitir. Hann kom stöku sinnum til safnsins þegar mikið lá við.

Hjónin Ásmundur Þórir Ólafsson og Súsanna Torfadóttir sáu um umhirðu Kirkjubæjargarðs.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er öryggisvörður safnsins. Hann er fyrstur á vettvang ef það koma boð frá öryggiskerfum fjögurra safnhúsa.



Varðveisluhús Byggðasafns Árnesinga að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.

Húsakynni

Tíu hús, stór og smá, tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öllu leyti. Engar breytingar urðu á húsnæðismálum safnsins á árinu 2024.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrin og útihúsin. Húsið, Assistentahúsið og útihúsin eru hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en rekin af Byggðasafni Árnesinga. Eggjaskúrin var endurbyggður árið 2004 af Byggðasafni Árnesinga.

Kirkjubær, timburhús byggt 1918, vestan Hússins á Eyrarbakka, var keyptur af safninu 2011, gerður upp og opnaður til sýningar 2016.



Eggjaskúrin og útihúsin fyrir norðan Húsið. Ljós. Bjarki Guðmundsson.

Árið 2019 fjárfesti Byggðasafn Árnesinga í Búðarstíg 22 sem er 1704 fm að stærð. Búðarstígur 22 var gerður upp á árunum 2019 til 2021 og aðlagður að þörfum safnsins.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59 og Beitningaskúrin við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald búðarinnar og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjómabúsins á Baugsstöðum en safnið sér alfarið um rekstur Rjómabúsins fyrir hönd stjórnar þess.

Viðgerðir og viðhald

Nýir ljóskastarar voru keyptir fyrir sýningarnar á efri hæð Assistentahússins í mars. Nýjar rennur og niðurfall voru settar upp á austurhlið Assistentahússins en þær gömlu voru gegnumryðgaðar. Stefán Bragi Sigurðsson trésmíðameistari og Guðjón Ingólfsson sáu um það verk. Rafmagn var tengt í rýmið sem áður hýsti spennistöð í Búðarstíg 22. Stærstu viðhaldsframkvæmdirnar voru málningarvinna í september. Assistentahúsið var málað hátt og lágt. Veggir Hússins voru tjargaðir, einnig voru gluggar og gluggahlerar málaðir. Litalausnir sem eru í eigu Þorkels Inga Þorkelssonar málrameistara sá um málningu og tjörgun. Húsafriðunarsjóður styrkti þessar framkvæmdir.



Assistentahúsið málað í september.

Árið 2012 hófst
Þjóðminjasafn Íslands
handa um viðgerðir á

útihúsunum fyrir norðan Húsið. Viðgerðir stóðu yfir árin 2012 til 2017 en er ólokið. Engu þokaði áfram í viðgerðum útihúsanna en þrátt fyrir það eru sum þeirra notuð fyrir smíðjur fyrir gesti.


Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu eða snjallsíma geta þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og mynda gripi og ljósmyndir fyrir Sarp.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp og þeir auðkenndir með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira sem skiptir máli varðandi sögu hans og útlit.

< Aftur í nýjustu færslurnar
> fyrri 16 næsta >



SARPUR
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Panta mynd Mitt safn Veistu meira?

Heiti	Bátslíkan
Ártal	1905
Staður	Steinsbær
Byggðahaeti	Eyrarbakki
Sveitarfélag 1950	Eyrarbyggð
Núv. sveitarfélag	Sveitarfélagið Árborg
Sýsla	Árnessýsla (8700) (Ísland)
Land	Ísland
Hlutinn gerði	Steinn Guðmundsson
Gefandi	Nína Sólveig Markússon 1945-

Nánari upplýsingar

Númer	BÁ/2024-2-1
Aðalskrá	Munur
Undirskrá	Almenn munaskrá
Stærð	99 x 39 cm
Efni	Viður

Lýsing

Bátslíkan brúnmálað, af áttæringi, árar, segl og veiðarfæri. Smíðað af Steini Guðmundssyni skipasmið í Steinsbæ á Eyrarbakka fyrir barnabarn sitt Björn Markússon rennismið. Gefandi er dóttir Björns.

**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA****Heimasíða**

Þetta aðfang er í Byggðasafni Árnesinga. Fjöldi færslna hjá safninu var í árslok 2022 sem hér segir: Fornleifar 916, safnmunir 7.418, ljósmyndir 6.788. Í þessum tölum eru safnmunir Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Tónminjaseturs Íslands. Söfnun muna til Byggðasafns Árnesinga hófst árið 1953. Safnkosturinn er að stærstum hluta skráður í Sarp. Allar leiðréttingar og viðbótarupplýsingar eru vel þegnar.

Birting gagna í Sarpi er á ábyrgð viðkomandi safns.

Tekið var við 44 afhendingum við söfnin á árinu 2024, um 80 gripum. Nær eingöngu munir, en örfá skjöl og ljósmyndir. Óskum um viðtöku ljósmynda og skjala er vísað á Héraðsskjalasafn Árnesinga. Tekið er við gripum í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.

Í árslok 2024 voru mörg aðföng frá 2021 til ársloka 2024 óskráð og má fljótlega vænta átaks í skráningu síðustu ára. Hluti þessara aðfanga var þó skráður á árinu.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2024:

Fjöldi ljósmynda voru 6.665 og 67 nýskráðar á árinu, fjöldi fornleifa voru 915, fjöldi minjasvæða/jarða voru 79, engar nýskráningar á árinu. Fjöldi muna voru 7.954, fjöldi nýskráðra muna árið 2024 voru 466 en í þessari tölu eru 426 gripir frá Byggðasafni Ölfus. Í Sarpi eru jafnframt skráðar 138 bækur, ein teikning, 25 listaverk, 69 skjöl sem tengjast öðrum safnkosti og ein spurningaskrá. Í þessum tölum eru innifaldir munir og ljósmyndir Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Tónminjaseturs Íslands. Unnið er að skráningu safnkosts Byggðasafns Ölfus í Sarp og í árslok 2024 var eins og áður segir búið að skrá 426 muni en eftir á að ljósmynda gripina og setja út á ytri vefinn. Safnaráð styrkti skráningu gripa BÖ.

Unnið er öðru hverju við að setja ljósmyndir af munum og gömlum ljósmyndum í Sarp svo að safnkostur verði sýnilegur á netinu. Átak hefur verið í gangi undanfarin ár með tilstyrk Safnaráðs. Staðan í árslok 2024 var þessi: Á ytri vef Sarps eru birtar 6.664 ljósmyndafærslur, þar af 4.248 með viðhengdri mynd. Á ytri vef Sarps eru birtar 7.527 munafærslur, þar af 3.875 með viðhengdri mynd. Fleiri munir og ljósmyndir verða sýnilegir á næstu árum eftir því sem tími og fjármagn leyfir.

Í lok árs 2023 og í janúar 2024 vann safnstjóri að því að koma upp ítarlegri staðsetningaskrá yfir allar ljósmyndir í eigu safnanna. Einnig voru skráðar þær ljósmyndir sem varðveittar hafa verið í safninu í langan tíma án þess að hafa verið skráðar.

Meðal muna sem bárust á árinu 2024 má nefna útskorna vegghillu sem íbúar Hrunamannahrepps gáfu héraðshöfðingjanum Ágústi Helgasyni í Birtingaholti (1862-1948) og áletraðir silfurskildir sem hann og sonur hans Sigurður Ágústsson (1907-1991) tónskáld og bóndi í Birtingaholti fengu að gjöf fyrir farsæl störf fyrir samfélagið. Safninu barst verslunarinnrétting Guðmundu Nielsen úr Miklagarði á Eyrarbakka. Frá Miðhúsum í Biskupstungum bárust ýmsir munir úr mjaltakerfi sem þar var sett upp í fjósið um 1973. Safninu barst skipsklukka úr danska herskipinu Götenborg sem fórst 1718 við Hraunskleið. Öskubakki úr Selfossbíói barst safninu. Félagsfáni Árnesingafélagsins í Reykjavík kom ásamt fundarhamri. Tóbaksdósir úr fórum Böðvars Magnússonar hreppstjóra á Laugarvatni bárust til safnsins. Einnig barst kistill frá Vatnskoti í Þingvallasveit. Bátslíkan smíðað af Steini Guðmundssyni skipasmið á Eyrarbakka kom til safnsins. Og safnstjóri fór á Nytjamarkaðinn á Selfossi og keypti fornan rúmhitara sem notaður var fyrrum í heldri manna húsum og gaf safninu.

Gefendur 2024 voru Ragnar Emilsson, Jón Ingi Sigurmundsson, Björgvin Magnússon, Jón Gunnar Gíslason, Geirþrúður Sighvatsdóttir, Jón Ólafur og Gunnar Vífill Karlssynir, Sævar Sigurðsson, Helgi Ólafsson, Guðmunda Laufey Hauksdóttir, Tryggvi Óskarsson, Ólöf Thorarensen, Árnesingafélagið í Reykjavík, Bjarnfinnur Hjaltason, Sögusetrið á Hvolsvelli, Kristín Guðmundsdóttir, Púriður J. Sigurðardóttir, Gunnlaugur Briem Vilhjálmsson, Jóhannes Reykdal, Oddný Kristjánsdóttir, Helga



Árnesingafélagið í Reykjavík kom í heimsókn 27. maí og færði safninu ýmsa merka muni úr starfinu, þar á meðal fána félagsins. Stjórnarmaðurinn Björn Óskar Björgvinsson frá Klausturhólum afhenti Lýði Pálssyni safnstjóra munina.

Melsteð, Björgvin Helgason, Oddný Þorkeldsdóttir, Jóna Ásmundsdóttir (db), Ólafur Jónsson, Kristín Bragadóttir, Jóhann Jóhannsson, Jón Örn Bjarnason, Þorgils Jónasson, Else Júníus, Sigríður Sverrisdóttir, Lýður Pálsson, Nína Sólveig Markússon, Ásta Bjarnadóttir, Hinrik Bjarnason, Magnús H. Sigurðsson, Bára Rós Björnsdóttir, Björn Jensen, Kristinn Gunnar Vilmundarson, Norma Einarsdóttir, Kolfinna Guðmundsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Erna Marlin og Halla Kjartansdóttir.

Aðstaða til varðveislu

Varðveisluaðstaða Byggðasafns Árnesinga er í rúmgóðum og snyrtilegum sölum í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Þar hefur safnið verið með varðveisluaðstöðu frá 2020 og frá 2021 alfarið. Þar fer vel um safnkostinn og aðstaða framúrskarandi til rannsókna og annarrar umsýslu safnmuna. Á árinu var hafinn vinna við gerð staðsetningarskrár fyrir safnkost. Staðsetningarskrá fyrir smærri safnkost í öskjum hefur lengi verið til staðar en nú mun hún ná til stærri gripa en gerð staðsetningarskrár er tímafrekt verkefni. Einnig var gerð neyðaráætlun fyrir Búðarstíg 22.



Gamlir og sögufrægir barnavagnar í aðalsal Búðarstígs 22.

Rannsóknir og miðlun rannsókna

Á árinu 2024 voru rannsóknir margþættar og mátti sjá árangurinn á sérsýningum safnsins.

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið *Húsið á Eyrarbakka* sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð frá árinu 2012. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í fróðlegum sýningartexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og bjartsýns samfélags á millistríðsárunum.

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynslu fólks af sínum samtíma.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þess í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum, samfélagsmiðlum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á samfélagsmiðlum er afrakstur rannsóknarstarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir í langferðabílum um Flóann. Lýður rannsakaði einnig sögu brúasmíða yfir Ölfusá vegna útvarpsviðtals í nóvember.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður hefur nýtt þekkingu sína af fræðslu og kennslu við miðlun og rannsóknir í safninu. Í mars 2020 var lögð fram fræðslustefna Byggðasafns Árnesinga þar sem lögð er áhersla á samstarf safnsins við kennara og stjórnendur skóla héraðsins við gerð og þróun hinna ýmsu fræðsluverkefna sem kallast á við viðfangsefni nemenda í sínu námi. Markmiðið er að safnið og safnkostur þess gagnist skólastarfinu og nærsamfélaginu. Sömuleiðis að leggja grunn að lifandi samstarfi og tengslaneti safnsins við skóla á öllum skólastigum í héraðinu.

Linda Ásdísardóttir hefur lagt rækt við rannsóknir á sögu ljósmyndara, einkum kvenna sem stunduðu ljósmyndatöku fyrir á tímum. Hún sinnir jafnframt rannsóknum í tengslum við sýningar safnsins og skráningu nýrra aðfanga.

Á árinu 2024 fóru fram rannsóknir í tengslum við sérsýningar safnanna, einkum sýninguna Gullspor. Rannsakað var hverjir höfðu verið gull- og silfursmiðir í Árnessýslu síðustu aldir og byggði rannsóknin á glæsilegu ritverki Þórs Magnússonar *Íslensk silfursmið og aðfangaskrá* Byggðasafns Árnesinga þar sem finna má ýmsa muni gull- og silfursmiða héraðsins. Einnig var stuðst við ýmsar heimildir um gömlu byggðina á Eyrarbakka. Þar reyndust notadrjúgar nýjar rannsóknir Ingu Láru Baldvinsdóttur og Magnúsar Karels Hannessonar um horfin hús á Eyrarbakka sem birtar eru á vefnum eyrarbakki.is og birtast munu í veglegu riti innan tíðar. Lýður Pálsson safnstjóri tók að sér þessa athugun á gullsmiðum héraðsins og afraksturinn mátti sjá í sýningartextum Gullspors og leiðsögn Lýðs um slóðir gull- og silfursmiða á Eyrarbakka.



Söggunni miðlað eftir rannsókn. Frá Gullsporsgöngunni 7. september. Lýður Pálsson safnstjóri segir frá Oddi Oddssyni gullsmið í Regin fyrir utan Regin.

Að lokum má geta aðkomu safnsins að útgáfu ljómyndabókarinnar *Mannlífsmyndir frá Eyrarbakka* eftir Brynjólf G. Brynjólfsson frá Litlu-Háeyri. Í bókinni eru ljósmyndir frá 1958 til 1980 með svipmyndum frá Eyrarbakka sem Brynjólfur tók með myndavél sem hann fékk í fermingargjöf. Safnið veitti margvíslega aðstoð við útgáfu bókarinnar en hluti ljósmyndasafns hans er varðveitt í safninu.



Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2024

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka, Kirkjubæ, Beitningaskúrnum við Óðinshús og í Sjóminjasafninu að Túngötu 59. Safngripir frá Byggðasafni Árnesinga eru lánaðir á 13 staði á Suðurlandi. Er það liður í miðlun safnsins. Aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga er sýnileg í ytri gátt Sarps og því einnig liður í miðlun safnsins. Ákveðið rými í safnhúsunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis viðburðum sem í boði voru á söfnunum. Viðburðir urðu ýmist sýningaropnanir, tónleikar, upplestrar, fyrirlestrar og Bollywood-danssýning.



Leikskólanemendur á þorrasýningu.

Rattleikur. Rattleikur sem gefinn var út árið 2019 var afhentur skólahópum og yngri safngestum allt árið. Leikurinn fer með gesti um öll safnhúsin á Eyrarbakka sem eru Húsið, Eggjaskúr, Kirkjubær og Sjóminjasafn. Fram undan er að færa rattleikinn yfir á ensku svo að fleiri safnagestir geti notið hans.

Ásgrímsleiðin. Árið 2023 var efnt til samstarfs Byggðasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Listasafns Íslands um að kynna skemmtilega leið um Suðurland, á slóðir Ásgríms Jónssonar listmálara. Ásgrímsleiðin var í boði á árinu 2024 en engar tölulegar upplýsingar eru tiltækar um hve margir fóru hana á árinu.

Þorrasýning. Allt frá 1986 hefur safnið boðið leikskólum og yngstu bekkjum grunnskólans að koma á þorra til að fræðast um hvernig unnið var úr mjólkinni í gamla daga með aðstoð myndaflokksins „Í dagsins önn“ og viðeigandi safnmuna. Þorrasýningin var í borðstofunni frá byrjun þorra og fram í góu.

„Ef garðálfar gætu talað“

Páska- og vorsýning safnsins var ljósmyndasýningin „Ef garðálfar gætu talað“ en þar gafst gestum tækifæri til að horfa inn í veröld þeirra sem byggðu sér sælureit í hjólhýsabyggð á Laugarvatni. Ljósmyndararnir Þórdís Erla Ágústsdóttir og Sigríður Rut Marrow mynduðu þetta sérstæða

samfélag í þrjú sumur. Frá þjóðveginum sást aðeins þyrping hjólhýsa á grónu svæði en þegar inn var komið blasti við margbrotið samfélag; alls kyns hýsi, garðpallar, blóm og íbúarnir sjálfir að ógleymdum garðálfunum. Litríkar myndir sýna samveru, sumar og sælu.

Sigríður og Þórdís hafa í sínum verkum gjarnan lagt áherslu á að mynda jaðarmenningu og hverfandi samfélög. Í dag er hjólhýsabyggðin á Laugarvatni aflögð og heimildargildi myndaseríunnar dýrmætt. „Ef garðálfar gætu talað“ var upphaflega sett upp í myndasal Þjóðminjasafns Íslands vorið 2023 en Linda Ásdísardóttir vann að undirbúningi sýningarinnar þegar hún var þar starfsmaður. Hún var verkefnastjóri sýningarinnar hér. Sýningin var í borðstofu Hússins og var opnuð laugardaginn 23. mars og stóð fram í lok maí. Sýningin vakti mikla athygli og fékk góða aðsókn.

Páskaegg í lit – smiðja. Safngestum bauðst að mála hænuegg inni í gamla fjárhúsinu í tilefni páska. Allt efni var á staðnum, smiðjan sjálfbær og var opin alla páskahelgina.

Blóm í mold – smiðja. Sannkölluð blómeparadís var í gamla fjárhúsi Hússins á Eyrarbakka í tilefni af sumrinu. Safngestir settu fingur í mold og saðu sumarblómum til að taka með sér heim. Allt efni var á



Ljósmyndararnir Þórdís og Sigríður halda á málþola garðálfum í borðstofu Hússins á Eyrarbakka.



Sýningin „Konurnar á Eyrarbakka“ í borðstofu Hússins á Eyrarbakka.

staðnum, smiðjan sjálfbær og opin á sama tíma og safnið. Þátttaka í smiðjunni var hluti af fjölskylduleiknum „Gaman saman“, stimpilleik sem hefur verið fastur hluti af hátíðarhöldunum á Vor í Árborg. Á sumardaginn fyrsta hófst menningarhátíðin „Vor í Árborg“, sem safnið tekur þátt í. Leikurinn „Gaman saman“ dregur gesti á safnið og smiðjan „Blóm í mold“ í fjárhúsinu er hluti af þeim fjölskylduleik. Í Kirkjubæ var einnig póstkortasmiðja með vísun í Ásgrím Jónsson listmálara og gafst gestum tækifæri til að setjast niður, hugsa til vina og ættingja og skrifa póstkort sem safnið sá um að póstleggja.

Íslenski safnadagurinn. Íslenski safnadagurinn sem jafnframt er alþjóðlegi safnadagurinn er 18. maí ár hvert. Boðið var upp á dagskrárliðinn „Hittu ljósmyndarana“ þar sem Þórdís Erla og Sigríður Rut voru með viðveru á garðálfasýningunni.

Konurnar á Eyrarbakka – sumarsýning Byggðasafns Árnesinga.

Sýningin „Konurnar á Eyrarbakka“ var opnuð sunnudaginn 9. júní og var öllu til tjaldað við gerð hennar. Við opnun kom fjölmenni. Sýningin byggði á samnefndri bók eftir Jónínu Óskardóttur, bókavörð og menningarmiðlara. Á sýningunni var fjallað um líf og störf kvenna í þorpi sem var lengi eitt stærsta þéttbýli á Íslandi. Þar birtust frásagnir um lífið innan og utan heimilis, um hversdagslífið og afrekin. Aðalpersónur voru 38 konur sem allar lifðu eða mundu tíma þegar nýtni og þrautseigja, en ekki síst nágrannakærleikur, var mikilvægur þáttur í lífi allra. Umfjöllunarefnið spannaði langan tíma en í kastljósi var samfélagsmyndin um miðja síðustu öld; barnauppleidi, gestagangur, stórvottar, niðursuða, sláturgerð og molasopinn í eldhúsinu, fengu pláss á sýningunni en líka kvenréttindi, menntun og ferðalög.

Jónína bókarhöfundur á rætur sínar að rekja til Eyrarbakka og er með bókinni *Konurnar á Eyrarbakka – sitthvað af konu minni hverri* að skila áfram verki sem byggist á sagnagledi móður sinnar Hallveigar Ólafsdóttur. Í bókinni segir Jónína; „Alla tíð var mikil og sterk tenging hjá mömmu við Eyrarbakka. Í hvert sinn sem við ókum eftir aðalgötunni á Bakkanum, á leið að Eyri, æskuheimili pabba, rifjaði

mamma upp kennileiti og sögur um húsin og fólkið á Eyrarbakka í den. Þá fannst mér allt lifna við og fortíðin verða ein af farþegunum í bílnum.“ Sýningin var styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Að sýningunni unnu Jónína Óskarsdóttir og Linda Ásdísardóttir sem var verkefnastjóri, einnig aðstoðuðu aðrir starfsmenn safnsins að gerð sýningarinnar og fleiri. Sýlvía Kristjánsdóttir hannaði sýningaspjöld. Sýningin fékk frábærar viðtökur og verðskuldaða athygli. Henni var fylgt eftir með kröftugum kynningum á samfélagsmiðlum og umfjöllun í fjölmiðlum. Í tengslum við sýninguna var Jónína með leiðsagnir á sunnudögum um sumarið um húsið Eyri og sýninguna. Fjöldi gesta nýtti sér það. Upphaflega ætlaði hún einungis að vera þrjá sunnudaga í júlí en vegna mikillar aðsóknar voru leiðsagnir Jónínu alveg fram í september. Linda Ásdísardóttir var með leiðsögn um sýninguna með Jónínu sunnudaginn 25. ágúst.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 21. júní. Byggðasafn Árnesinga bauð upp á ýmsa viðburði við góðar undirtektir. Malín Viðarson í Laugardælum kom með hest sinn og hestakerru og bauð upp á ferðir um þorpið. Gamli slökkvibíllinn og Ferguson-traktor Óla í Mundakoti voru á rúntinum. Í garði Hússins á Eyrarbakka var boðið upp á Bollywood-dans undir stjórn fjöllistakonunnar Margrétar Erlu Maack. Safnið var fjölsótt þennan dag. Samsöngur var haldinn í státsstofunni í Húsinu um kvöldið undir röggsamri stjórn Heimis Guðmundssonar. Ungt fólk í verkefninu „Skapandi Árborg“ sýndu listaverk á veggjum útihúsa og fluttu tónlist. Andlitsmálun var í boði í fjárhúsinu.

Örtónleikar Álfheiðar og Bjarna. Þriðjudaginn 9. júlí héldu sópransöngkonan Álfheiður Erla Guðmundsdóttir og tónlistarmaðurinn Bjarni Frímann Bjarnason ör- og samsöngstónleika í státsstofu Hússins. Þau fluttu íslensk söng- og þjóðlög og buðu áheyrendum í samsöng.

Sýningin „Gullspor“ í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka.

Gullspor fjallar um handverk gull- og silfursmiða í Árnessýslu og var opnuð í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka laugardaginn 7. september 2024. Þetta var lítil sýning sem þræðir sig um salarkynni safnsins þar sem fyrir er sýning um sjósókn. Ótrúlegur fjöldi gull- og silfursmiða starfaði í Árnessýslu á 19. og 20. öld. Samfélagsgerð þess tíma krafðist þess að fólk sinni mörgum störfum samhliða. Gull -og silfursmiði var oftast unnin í hjáverkum af miklum hagleikssmiðum. Að minnsta kosti átta gullsmiðir fæddir á 19. öld störfuðu um lengri eða skemmri tíma á Eyrarbakka á þessu blómaskeiði fagsins. Einhverjir



Svipur Odds í Regnin á Gullspori.

lærðu af eldri smiðum eða tengdust fjölskylduböndum. Tveir þekktustu gull- og silfursmiðir á Eyrarbakka voru Ebenezer Guðmundsson (1844-1920) og Oddur Oddsson (1867-1938). Fjölmarga gripi eftir þá tvo er að finna í safneign Byggðasafns Árnesinga sem rekur Sjóminjasafnið. Hvatinn að „Gullspor“ kom frá félagsmönnum *Félags íslenskra gullsmiða* sem fagnaði 100 ára afmæli og naut safnið góðs af samstarfi við félagið. Safnasjóður styrkir verkefnið. Sýningin mun standa til loka september 2025. Verkefnisstjóri var Linda Ásdísardóttir en allir fagmenntaðir starfsmenn safnsins komu að verki auk Höllu Bogadóttur gullsmiðs og Sylvíu Kristjánsdóttur grafíks hönnuðar.

Gullspor - söguganga var farin strax eftir opnun sýningarinnar í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Lýður Pálsson safnstjóri leiddi gönguna og fræddi fólk um þá fjölmörgu gull- og silfursmiði sem bjuggu og störfuðu í þorpinu á árum áður. Sagt var frá bæði þekktum smiðum líkt og Oddi Oddssyni og Ebenezer Guðmundssyni en einnig voru spennandi frásagnir um minna þekktu smiði eins og Stefán Stefánsson í Eyvakoti (sem er horfið hús) og Sigurð Daníelsson í Deild. Lýður tvinnnaði saman sögu gull- og silfursmiða í þorpinu við húsasöguna sem er vel varðveitt í sögulegri byggð Eyrarbakka. Veðrið lék við göngugesti og góður rómur var gerður að fróðleik safnstjórans.

Konurnar á Eyrarbakka – lokahóf. Sunnudaginn 29. september var fjölmennt lokahóf sýningarinnar Konurnar á Eyrarbakka. Í lokahófinu var boðið upp á söng Jónínu Eirnýjar Sigurðardóttur við undirleik Eyjólfss Eyjólfssonar söngkennara hennar, lestur í bolla, afleggaraskipti, fróðleiksmola, kaffi og kruðerí, - og Jónína Óskarsdóttir var með leiðsögn um sýninguna.

Gullspor – greiningardagur. Er allt gull sem glóir? Sunnudaginn 6. október bauðst fólki að koma



Frá greiningardegi Gullspors 6. október.

með gull- og silfurgripi úr einkaeigu til Byggðasafns Árnesinga þar sem sérfræðingar rýndu í djásnin. Greiningardagurinn var haldinn í sal Varðveisluhúss Byggðasafns Árnesinga í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Þessi opni viðburður var sniðinn að fyrirmynd greiningardaga á Þjóðminjasafni Íslands sem hafa um árabil notið vinsælda. Þeir sérfræðingar sem tóku á móti fólki þennan dag voru: Halla Bogadóttir, gullsmiður, Lilja Árnadóttir, fyrrum sérfræðingur við Þjóðminjasafn Íslands, Bogi Karlsson, úrsmiður, Ásgeir Reynisson, gullsmiður og Birgir D.

Ingibergsson, gullsmíðanemi. Fjöldi gripa var greindur og kom marget athyglisvert í ljós. Greiningardagurinn var hluti af Gullspors-verkefninu.

„Hafrót“ listahátíð á Eyrarbakka. Í september var haldinn listahátíðin „Hafrót“ á vegum Ástu Vilhelmínu Guðmundsdóttur en á annan tug listamanna sýndu verk um allan Bakkann á hátíðinni. Byggðasafn Árnesinga var ekki beinn þátttakandi að hátíðinni en léði aðstöðu til listsýninga og listgjörninga. Einn listamaðurinn, listakonan Tei Kobayashi frá Japan, var með listgjörninginn „Ancient Tomes: Hair and Lullaby“ í Assistentahúsinu sunnudaginn 22. september. Tei sótti innblástur í hið stórkostlega handverk Ólafar Sveinsdóttur í Herdísarvík, herðasjal úr hári, sem er meðal sýningargripa safnsins. Færri komst að listgjörningnum en vildu. Einnig nýtti Gio Ju frá Suður Kóreu fjárhúsið til listsköpunar og listsýningar, svo og Soffía Sæmundsdóttir. Yuliana Palacios frá Mexíkó var með listaverk í hjallinum og Hekla Dögg Jónsdóttir var með athyglisverða myndbandasýningu í Beitningaskúrnum sem bar heitið „Sjávarsýn“.

Boðað var til tónlistarhátíðarinnar „Tónlistin á Bakkanum“ dagana 11.-12. október á vegum Söngfjelagsins og í samstarfi við Leikfélag Eyrarbakka, kirkjukór Eyrarbyggjakirkju og Byggðasafn

Árnesinga. Hilmar Örn Agnarsson kórstjóri var frumkvöðull hátíðarinnar sem fólst í stofutónleikum, málþingi og hátíðartónleikum tileinkuðum tónlistarlífinu á Eyrarbakka og Stokkseyri kringum aldamótin 1900. Byggðasafn Árnesinga hýsti stofutónleika og málþing.

Stofutónleikar.

Föstudagskvöldið 11. október var opið hús í Húsinu á Eyrarbakka þar sem einsöngvararnir Björg Þórhallsdóttir, Eyjólfur

Eyjólfsson og Hildigunnur Einarsdóttir, ásamt Hilmarí Erni Agnarssyni og félögum úr Leikfélagi Eyrarbakka sköpuðu ógleymanlega kvöldvökustemningu.



Listgjörningur Tei frá Japan í Assistentahúsinu 22. september.

Málþing um tónlist. Laugardaginn 12. október var málþing í tali og tónum í Varðveisluhúsi Byggðasafns Árnesinga að Búðarstíg 22 og hafði yfirskriftina *Er Bakkinn kannski vagga íslenskrar tónlistar?* Þar voru samræður Kristínar Bragadóttur sagnfræðings, Bjarka Sveinbjörnssonar tónlistarfræðings og fleiri gesta um þá merku frumkvöðla íslensks tónlistarlífs sem tengdust Eyrarbakka og Stokkseyri um og eftir aldamótin 1900. Lýður Pálsson safnstjóri tók ríkan þátt í samræðum Kristínar og Bjarka sem voru undir stjórn Jóns Karls Helgasonar bókmenntafræðings og kórfélaga í Söngfjlaginu. Stakir félagar úr Söngfjlaginu brýndu raustina þar sem við á. Málþingið var fjölsótt. Eftir málþingið voru ógleymanlegir hátíðartónleikar í Eyrarbyggjakirkju og lauk þannig vel heppnaðri tónlistarhátíð.

Fyrirlestrar í október.

Tveir fyrirlestrar voru í sal Varðveisluhúss Byggðasafns Árnesinga í október og glöddu gesti með fróðleik. Umfjöllunarefnin voru 20. aldar búskaparhættir og fátækur piltur sem varð héraðshöfðingi. Fyrirlestrarir voru hluti af menningarmánuðurinn október á vegum Árborgar.



Bjarni (t.h.) ásamt fyrrum nemanda á Hvanneyri Magnúsi H. Sigurðssyni í Birtingaholti.

Nýsköpun búháttá. Sunnudaginn 20. október hélt Bjarni Guðmundsson, prófessor á Hvanneyri, vel heppnaðan og fjölsóttan fyrirlestur „Um nýsköpun búháttá í sunnlenskum sveitum á fyrri hluta 20. aldar“. Fyrirlesturinn var í sal Búðarstígs 22. Bjarni hefur rannsakað búhætti á Íslandi á 20. öld og sent frá sér margar bækur og greinar um efnið. Þar má nefna snjalla bók um útbreiðslu dráttarvélarinnar Ferguson. Bjarni veitti Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri forstöðu til 2017 en áratugum saman á undan starfaði hann að kennslu og rannsóknum við Bændaskólann á Hvanneyri. Hans nýjasta bók heitir *Búverk og breyttir tímar* og fjallar um nokkur verk og verkfæri



Fjölsóttur fyrirlestur Guðna Ágústssonar 27. október.

sem alþekkt voru á síðustu öld en hafa ýmist horfið úr verkahring bænda eða breyst í helstu atriðum. Í fyrirlestrinum lagði Bjarni áherslu á breytingar í búhátum sunnlenskra bænda. Að loknum fyrirlestri



voru umræður og kaffispjall og Bjarni hitti þá að máli marga gamla nemendur sína frá Hvanneyri.

Fátæki drengurinn sem varð alþingismaður.

Sunnudaginn 27. október kl. 14 hélt Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, fyrirlestur sem hann nefndi „Faðir minn Ágúst Þorvaldsson, fátæki drengurinn sem varð alþingismaður“. Fyrirlesturinn var á vegum Byggðasafns Árnesinga. Guðni fjallaði um æsku Ágúst Þorvaldssonar á Eyrarbakka þar sem hann bjó á nokkrum stöðum hjá foreldrum sínum og síðan hjá fósturforeldrum í sárri fátækt. Meðal annars í Hraunshverfi austan Eyrarbakka og voru Ágúst og fósturbróðir hans Hjálmtýr því gjarnan nefndir urðarkettirnir þegar þeir áttu leið í þorpið. Umskipti urðu í lífi Ágúst þegar honum var tíu ára komið að Brúnastöðum í Hraungerðishreppi til fósturforeldra þeirra Ketils Arnoddssonar og Guðlaugar Sæfúsdóttur. Síðan lá leið hans upp á við og árið 1932 varð hann bóndi á Brúnastöðum 25 ára. Hann var valinn til trúnaðarstarfa fyrir samfélagið og alþingismaður varð hann árið 1956. Hann og kona hans Ingveldur

Ástgeirsdóttir eignuðust 16 börn. Guðni sýndi kvikmynd sem Jón Ársæll Þórðarson gerði um ævi Ágúst. Mjög góð aðsókn var á fyrirlestrum Guðna.

Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga.

Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga byrjar ávallt með opnun jólasýningar og skáldastund í stásstofu Hússins. Byggðasafn Árnesinga á úrval jólatrjáa, þar á meðal elsta varðveitta spýtujólatré landsins og aðra sannkallaða gullmola. Á jólasýningunni skörtuðu gömlu jólatrén sínu fegursta í borðstofu en þema sýningarinnar voru skíði og sleðar. Eftirlíking elsta jólatrés Íslands var skreytt lyngi úr Snæfoksstaðaskógi og sáu nemendur 10. bekkjar Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri um það. Sýningin var opin á auglýstum tímum þrjá sunnudaga í nóvember og desember og fyrir hópa á öðrum tímum fram á þrettánda. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti dagskrána með myndarlegu framlagi. Á sama tíma og safnið var opið á aðventunni var jólatorg á planinu fyrir vestan Húsið.

Samstarf við Grunnskólann í Bláskógabyggð. Ómissandi hluti af upptakti jólanna á Byggðasafni Árnesinga er samtarf safnsins og skóla í nærsamfélaginu. Í ár var unnið með nemendum 4. bekkjar í Grunnskólanum á Laugarvatni og er óhætt að segja að samstarfið hafi verið gjöfult. Ragnhildur, safnvörður, heimsótti skólann í nóvember og afhenti þeim þrjár eftirgerðir af jólatré frá Miðengi úr safneign. Við það tilefni var spjallað um jólin fyrr og nú, og hvað einkenndi hátíðina. Það stóð ekki á svörum áhugasamra nemenda og var stundin notaleg, fróðleg og skemmtileg. Verkefnið „Jólatré í skólastofu“ var nú unnið í fjórða sinn en áður hefur safnið fengið til samstarfs við sig nemendur úr Flóaskóla, Vallaskóla, Menntaskólanum að Laugarvatni og Grunnskólanum í Þorlákshöfn með stórskemmtilegum afrakstri. Tvö skreytt jólatré voru sett upp á jólasýningu safnsins og nutu sín vel innan um gömlu jólatrén. Hið þriðja var sett upp í barnadeild Bókasafns Árborgar á Selfossi.



10. bekkjarar BES skreyta jólatré með lyngi.

Skáldastund í stásstofu. Árlega er boðið upp á samverustund með rithöfundum og skáldum þar sem lesið er það nýjasta sem út kemur. Skáldastundin var sunnudaginn 1. desember þetta árið. Þarna fengu gestir að hlýða á brot af ólíkum ritsmíðum eftir fjölbreyttan hóp. Þau sem lásu upp úr nýjum bókum sínum voru Margrét Lóa Jónsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Ragnar Jónasson og Guðrún Eva Mínervudóttir. Skáldastundin var fjölsótt að venju en Lýður Pálsson safnstjóri sá um skáldastundina.

Jólaveisla í Húsinu. Sannkölluð jólaveisla var í safninu sunnudaginn 8. desember en þá komu Stjörnu-Sævar og Hjalti Halldórsson og voru með bráðskemmtilega barnabókastund. Unglingakór Selfosskirkju undir stjórn Edit Molnár flutti jólalög, ullarmeistarinn Ásthildur Magnúsdóttir kynnti gömlu handtök tóvinnunnar og Björgvin Tómasson færði okkur tónlistarundur lírukassans með vel völdum jólalögum. Jólasýningin rómaða var auðvitað á sínum stað í borðstofu.

Gífurlegur fjöldi ungra gesta kom á jólaveisluna sem tókst afskaplega vel. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir skipulagði jólaveisluna.

Síðasti almenni opnunardagur fyrir jól var sunnudaginn 15. desember. Þá ríkti látlaust og hlýlegt andrúm þar sem hægt var að njóta friðsællar stundar við að fönndra músastiga og narta í piparkökur.

Þriðjudaginn 3. desember opinberaði safnið einn jólaglugga sem er hluti af jólaleik Árborgar. Leikurinn gekk út á að finna bókstafi í ólíkum gluggum um allt sveitarfélagið og raða þeim inn í orðagátu. Glugginn blasti við á suðurhlið Assistentahússins dag og nótt fram á þrettánda.


Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn Byggðasafns Árnesinga fer með yfirstjórn safnsins. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins. Þjónustusamningur milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar var endurnýjaður á árinu.



Frá jólaveislunni. Ásthildur Magnúsdóttir heldur um þráðinn en ungur gestur stígur rokkinn.

Í Sjóminjasafninu eru munir frá Eyrarbakka með áherslu á sjósókn, iðnað og félags- og menningarsögu síðustu 100 ára. Stærsti og merkasti safngripurinn er áraskipið Farsæll, sem Steinn Guðmundsson skipasmiður á Eyrarbakka smíðaði fyrir Pál Grímsson, útvegsbónda í Nesi í Selvogi. Steinn var helsti skipasmiður á Suðurlandi í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar og smíðaði hann yfir 400



Svipmynd úr Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Ljós. Ólafur Hannesson.

skip og báta á sínum starfsferli. Farsæll er tólfróinn teinæringur með sérstöku lagi, sem Steinn innleiddi á báta sína og kennt hefur verið við hann og nefnt Steinslag. Það bátalag tók mið af aðstæðum í brimversstöðvunum á Suðurlandi, Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Selvogi, og þótti henta mjög vel þar. Einnig eru sýnd veiðarfæri og búnaður sjómanna bæði frá arabátatímanum og upphafi vélbátaútgerðar. Upphaf handiðnaðar í þéttbýli á Suðurlandi var á Eyrarbakka og sýndir eru munir frá bakara, gullsmið, úrsmið, beyki og söðlasmið. Sjóminjasafnið á gott ljósmyndasafn sem varðveitt er að Búðarstíg 22.

Á árinu var í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka sett upp örsýningin „Gullspor“, um gull- og silfursmiði í Árnassýslu. Sýningin kvíslast um safnið með sporum þar sem gull- og silfursmiðir auk viðeigandi fróðleiks eru kynnt.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Á vegum SÍS hefur verið

unnið að gerð ítarlegrar bátaskrár sem kom út á árinu og eru sex bátar frá Sjóminjasafninu þar listaðir upp. Unnið er að gerð skráar yfir báta í einkaeigu. Safnstjóri var gerður að gjaldkera sambandsins á árinu.

Beitningaskúrinn sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta stundum við í Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuáferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrinn var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafríðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útlattur bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrinn vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit. Huga þarf að umhverfi Beitningaskúrsins til framtíðar. Einnig er kominn tími á viðhald á ytra byrði skúrsins.

Gamla slökkvibílnum, sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp

fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Hann er varðveittur í grófmunasal Búðarstígs 22 og er ekið um á tyllidögum.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar.



Úr Kirkjubæ. Hvað dreymir þig? Ljós. Bjarki Guðmundsson.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær var gerður upp og opnaður 17. júní 2016 með sýningunni „Draumur aldamót barnsins“ um líf alþýðunnar 1920-1940. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga var varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Kirkjubær er opinn á sama tíma og Húsið. Skemma Kirkjubæjar nýtist vel í safnakennslu en þar fá nemendur gjarnan leiðsögn og sýnikennslu í tóvinnu.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn

Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Freyja Katra Erlingsdóttir sá um gæslu í rjómabúinu um helgar í júlí og ágúst. Lýður Pálsson safnstjóri sinnir húsvarðarstörfum þar til annar fæst í það mikilvæga starf. Guðlaugur Gunnar Jónsson var einnig til aðstoðar. Lýður tók einnig á mótí hópum.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari. Stjórnin fundar sjaldan en framkvæmdastjórn er í höndum Lýðs safnstjóra.

Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Samsetning gesta er að mestu leyti fullorðnir Íslendingar, en á síðustu árum hefur erlendum gestum fjölgað.



Unnið að viðgerðum á öxli í rjómabúinu í október.

Gestir ársins 2024 voru 192. Gestir ársins 2023 voru 291. Gestir ársins 2022 voru 281 talsins. Gestir ársins 2021 urðu 211 talsins. Gestir Covid-ársins 2020 voru aðeins 81. Gestir ársins 2019 voru 250 talsins. Gestir ársins 2018 voru 475 alls. Gestir ársins 2017 urðu 437 talsins. Þeir voru aðeins 183 árið 2016. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009 en þá lauk ferðum Þórs Vigfússonar skólameistara með hópa.


Rjómabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga sem hluti af sýningarhúsum safnsins og kynnt með ýmsum öðrum hætti.

Haustið 2024 var gert við legur og öxla í vélasal Rjómabúsins á Baugsstöðum. Björn Jensen rennismiður sá um það verk með aðstoð Sigurðar Óla Guðbjörnssonar og Guðlaugs G. Jónssonar. Auðhumla sfl. veitti styrk til þessara framkvæmda sem tókust vel. Einnig var sótt um styrk til Húsafriðunarsjóðs en ekki er komin niðurstaða í þá umsókn.

Fræðslustarf

Árið byrjaði afar vel. Leikskólahópar komu í þrettándaheimsókn og ræddu heimferð jólasveina, búferlaflutninga álfa og huldufólks og bjuggu til álfahatta með slöri. Þorrasýningin var á sínum stað og má með sanni segja að hún standi ávallt fyrir sínu. Lubbi með hljóðasögubeinin sín fékk heimsóknir frá elstu börnum leikskóla sem og nemendum í fyrsta bekk í grunnskóla. Þessar heimsóknir gengu vel og er alveg ljóst að þarna liggja sóknarfæri. Sérstök dagskrá sem hverfist um fræðslu um gamla þjóðhætti og sniðin er sérstaklega að námsefni 4. bekkjar var vel sótt. Um er að ræða líflega hringekju verkefna sem dreifist um allt safnasvæðið. Börnunum er skipt upp í hópa, helst hópa sem telja um 8 til 12 nemendur, alls ekki fleiri. Síðan fara börnin með kennurum sínum á fjórar til fimm mismunandi stöðvar og fá fræðslu frá sérfræðingi um afmarkaðan efnispátt og fá oft að spreyta sig. Undrun, leikur og flæði. Þau bera saman tilveru sína við það sem einu sinni var og velta fyrir sér hvernig hlutverk og skyldur barna hafa breyst eða ekki breyst?

Námsefni fyrir verðandi húsasmiði leit dagsins ljós á árinu. Námsefnið er unnið í samstarfi Byggðasafns Árnesinga og Fjölbautaskóla Suðurlands. Samantekt á textum, myndum og teikningum var í höndum Magnúsar Karels Hannessonar og er hann sömuleiðis höfundar ýmissa texta og skýringarmynda. Magnús Karel tekur að auki á móti hópnum tvisvar yfir vorönnina, í fyrri heimsókn nemanna heldur hann afar fróðlega fyrirlestur um þróun byggðar á Eyrarbakka og í lokin er litið við í Húsinu, í seinna skiptið kemur hópurinn í sögugöngu um þorpið – þá gefst nemendum kostur á að sjá raundæmi um flest það sem hefur verið til umfjöllunar yfir önnina. Þá sjá nemendur mörg dæmi um vel heppnaða húsavernd og sannfærast vonandi um gildi hennar og virði fyrir samfélagið!



Byggðasafn Árnesinga hefur um árabíl sett upp glæsilegar jólasýningar fyrir aðventuna, enda er á safninu varðveitt merkilegt úrval jólatrjáa. Unnið er sérstaklega með jólatré í safnfræðslunni. Það er fastur liður að fá nemendur í 10. bekk í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri til að skreyta eftirgerð af elsta jólatré landsins á gamla mátan, með lyngi og kertum. Þá hafa verið gerðar þrjár eftirgerðir af öðru tré sem varðveitt er á safninu. Þessar eftirgerðir hafa verið kjölfestan í samstarfi



Berum vatn. Frá skólaheimsókn.

sem unnið er í aðdraganda adventunnar og felur í sér heimsókn starfsmanns safnsins í einn ákveðinn skóla hverju sinni, þar er innlegg og spjall um gömlu jólin. Vangaveltur og pælingar sem oftast en ekki enda á þeim punkti að kannski hefur kjarni jólahátíðarinnar lítið breyst þó að umstang og „umbúðir“ séu orðnar mun fyrirferðameiri og er það til góðs – eða hvað? Þessar þrjár eftirgerðir verða síðan eftir hjá nemendunum sem fá að skreyta trén sem eru að lokum sett upp á jólasýningu safnsins.



Skólaheimsókn í Rjómabúíð á Bogsstöðum vorið 2024.

má nefna að oft er gripið til ullarkambanna enda festi safnið kaup á tíu pörum af ullarkömbum á árinu.

Þá eru ótaldar aðrar heimsóknir skólahópa sem ekki endilega byggja á eiginlegum samvinnuverkefnum við skóla. Þær eru fjölmargar og mismunandi og ómissandi hluti af fræðsluárinu. Inn í þær heimsóknir rata oft lítil brot eða dæmi úr stóru heimsóknunum en það er einmitt styrkur þess að eiga gott úrval af vel ígrunduðum og útfærðum verkefnum. Það má alltaf grípa til þeirra í örlítið aðlagðri mynd hverju sinni, sem dæmi

Á árinu skilaði Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir lokaverkefni sínu til MA-prófs í safnafræði. Ritgerðin fjallar um safnfræðslu og eru verkefni á Byggðasafninu hluti af þeirri rannsókn. Í ritgerðinni er fjallað um farsældarmenntunarhlutverk safna og þann auð sem söfn hafa fram að færa inn í menntunarlandslag íslensks skólasamfélags.

Fastir starfsmenn sinna safnfræðslunni og líkt og áður eru fengnir sérfræðingar til liðs við verkefni þegar þess gerist þörf. Safnið vill halda áfram að vinna að vönduðum fræðsluverkefnum sem tengjast námsefni nemenda og undirbyggja þannig námið sem unnið er að í skólum sýslunnar. Safnaráð hefur styrkt uppbyggingu fræðslustarfs safnsins með myndarlegum styrkjum undanfarin ár.

Safnaráð

Starfsemi safnsins byggir á Safnalögum nr. 2011/141 en í þriðja kafla laganna er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Samkvæmt lögnum geta viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknarskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahaldi og fyrirkomulagi sýningahalds. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Safnaráð hefur eftirlit



Blómasmiðja í fjárhúsi.

með starfsemi safna og meðal annars aðbúnaði gripa á sýningum og í varðveisluaðstöðu. Byggðasafn Árnesinga gekk í gegnum slíkt eftirlitsferli Safnaráðs haustið 2016. Eftirfylgni með skýrslu 2017 var svo með heimsókn forvarðar Safnaráðs árið 2021 og svo aftur 2022. Framundan er vinna með Safnaráði við gerð viðbragðsáætlauna fyrir safnhús.

Byggðasafn Árnesinga sækir árlega um verkefnastyrki til

Safnaráðs til að styrkja starfsemi safnsins. Einnig um símenntunarstyrki sem nýttir hafa verið til ferðalaga á ráðstefnur og í kynnisferðir. Hafa styrkir Safnaráðs komið sér vel og stutt við faglega starfsemi safnsins og einstök verkefni.

Styrkir Safnaráðs til Byggðasafns Árnesinga urðu 4,2 milljónir króna í aðalúthlutun ársins 2024 sem varið var til faglegra verkefna. Safnið fékk styrk til eflingar fræðslustarfs safnsins, styrk til skráningar safnkosts Byggðasafns Ölfuss í Sarp og til verkefnisins „Gullspors“.

Samstarf

Vesturbúðarfélagið á Eyrarbakka vinnur að rannsóknum sem tengjast Vesturbúðinni sem var verslunarhús Eyrarbakka frá 18. öld til 1925. Vesturbúðin var rifin af síðasta eiganda þess Kaupfélags Árnesinga árið 1950 og viðirnir fluttir til Þorlákshafnar þar sem reist voru salthús sem brunnu 1988.

Tilgangur Vesturbúðarfélagsins er að stuðla að endurbyggingu Vesturbúðarinnar á sínum forna stað á Eyrarbakka. Liður í því ferli eru fornleifarannsóknir. Undir stjórn Ragnheiðar Glóar Gylfadóttur fornleifafræðings var unnið að uppgreftri syðsta hússins á árinu. Fornleifafræðingar hafa aðstöðu í Búðarstíg 22 á meðan á uppgreftri stendur.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samskiptin urðu helst vegna nýrrar varðveisluaðstöðu að Búðarstíg 22. Einnig vegna reksturs Hússins á Eyrarbakka og kaupa Þjóðminjasafnsins á húsinu Eyri, merku almúgahúsi á Eyrarbakka. Líklegt er að Byggðasafni Árnesinga verði falinn daglegur rekstur Eyrar þegar viðgerðum og aðlögun að safnahlutverki líkur. Fyrirhuguð safnastarfsemi í Eyri er ómótuð.



„Mikið verða hestarnir fegnir“, sagði frú Nielsen í Húsinu á Eyrarbakka þegar Ölfusárbrú kom til sögunnar og ekki þurfti að sundríða þessa straumhörðu á. Skreidarlest á brúnni um 1895. Ljós. Oline Lefolii.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í Sarpi, gagnagrunni íslenskra safna. Þar er um að ræða mjög vel heppnað samstarf íslenskra safna um samræmda skráningu á menningararfi hvort sem það eru munir, ljósmyndir, listaverk, þjóðhættir, fornleifar eða örnefni. Rekstrarfélag Sarps er undir verndarvæng Landskerfis bókasafna. Á árinu var unnið að því að skipta um hugbúnað Sarps en hugbúnaðurinn kemur frá þýska fyrirtækinu Zetcom GmbH sem keyrir kerfin MuseumPlus og eMuseumPlus. Kerfin munu leysa af hólmi núverandi hugbúnað sem drífur Sarp 3 og sarpur.is. Zetcom þjónustar þúsundir gagnasafna fyrir söfn um allan heim. Á árinu 2024 var unnið að því að færa Sarp til nýju kerfanna og er áætlað að hefja prófanir á árinu 2025 og koma nýjum Sarpi alfarið í notkun árið 2026.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands, einkum húsafriðunardeild.

Byggðasafn Árnesinga er aðili að starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem voru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Starfsemin hefur legið niðri í einn áratug.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerssetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga. Sat hann tvo fundi á árinu.



Á stjórnarfundi Byggðasafns Árnesinga í ágúst kom Sigurður Óli Guðbjörnsson til fundarins á sögulegum fornþíl, ÁR-67. Eigendur þílsins buðu safninu hann að gjöf og samþykkti stjórnin að þiggja þílinn. Þessi þíll er oftast nefndur „Gistihúsbíllinn á Eyrarbakka“ og er Ford B módel árgerð 1930, vörubíll með farþegaboddí. Þessi merka bifreið verður afhent safninu sumarið 2025. Auk Sigurðar Óla eru eigendur þílsins María systir hans og Sigríður Dagný Ólafsdóttir, ekkja Erlings Ævarrs Kr. Jónssonar. Erlingur og Guðbjörn Frímannsson keyptu þílinn árið 1975 og gerðu hann upp en bíllinn fór uppgerður á götuna árið 1978. Frá vinstri: Árni Eiríksson, Sandra Sigurðardóttir og Þórhildur Dröfn Ingvadóttir í stjórn safnsins, Lýður Pálsson safnstjóri og Sigurður Óli Guðbjörnsson.

Ragnhildur Elísabet er í óformlegum samstarfshópi safnkennara á íslenskum söfnum.

Lýður Pálsson er aðalmaður í Minjaráði Suðurlands og sat einn fund á árinu.

Ragnhildur Elísabet, Linda og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamanna. Lýður er félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna. Byggðasafn Árnesinga er með stofnanaaðild að FÍSOS.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Starfsmenn sátu ýmsa fundi og ráðstefnur á árinu sem tengdust safnastarfinu. Í mörgum tilvikum var um að ræða stefnumót í fjarfundabúnaði sem hefur auðvitað kosti og galla. Kostur að sleppa við ferðalög og tíminn nýtist betur en galli að vera ekki í beinum tengslum við aðra í raunheiminum.

Lýður Pálsson og Linda Ásdísardóttir fóru á Farskóla íslenskra safnamanna sem haldinn á Akureyri dagana 2. -4. október. Viðfangsefnið var fjölbreytt, bæði voru skoðunarferðir, fyrirlestrar og málstofur en hápunkturinn var stórkostleg árs hátíð íslenskra safnamanna.

Árið 2025 verður Farskóli FÍSOS haldinn á Selfossi og Lýður Pálsson er farskólastjóri.

Nýr kynningarbæklingur

Í ársskýrslum undanfarinna ára hefur verið bent á þörf fyrir nýjum kynningarbæklingi og áætlunum til þess að gefa út nýjan. Á árinu 2024 var hann loksins gefinn út bæði á íslensku og ensku og leysir

tvítugan bækling af hólmi, bækling sem stóð fyrir sínu í upphafi en hefur ekki staðist tímans tönn. Í nýja bæklingnum eru kynntar sýningar safnanna í Húsinu, Kirkjubæ, Eggjaskúrnum, sjóminjasafninu, Beitningaskúrnum, Þuríðarbúð og Rjómabúinu á Bausgstöðum. Bjarki Guðmundsson ljósmyndari tók allar ljósmyndir fyrir bæklinginn, Linda Ásdísardóttir samdi texta, Anna Yates þýddi textann á ensku og Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður hannaði bæklinginn af sinni alkunni smekkvísi. Allir fagmenntaðir starfsmenn safnsins létu ljós sitt skína og höfðu áhrif á innihald og útlit – og árangurinn harla góður. Prentun bæklingins var boðin út og var samið við Litla-prent

um prentun. Bæklingurinn kom út í byrjun júlí og hófst þá strax dreifing hans á upplýsingamiðstöðvar og fjölmarga ferðamannastaði á Suðurlandi, auk upplýsingamiðstöðva í Reykjavík. Einnig hannaði Sylvía á árinu fyrir safnið ný upplýsingaskilti fyrir utan Húsið, spjöld fyrir smiðjur safnsins, aðgöngumiða, nýja fána á flaggstöng Hússins og námsefni fyrir verðandi húsamiði.



Kynningar- og markaðsmál - www.byggdasafn.is

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók



Söfnin á Eyrarbakka

Ferðalag um söguna hefst við sjávarsiðuna. Miðsvæðis á Eyrarbakka standa **Húsið, Kirkjubær, Eggjaskúrin** og **Sjóminjasafnið** og er sagan við hvert fótímal. **Sjóbúð Þuríðar** er staðsett á Stokkseymi og eilítið lengra meðfram ströndinni finna ferðalangar **Rjómabúíð** á **Baugstöðum**.

Rólegt umhverfi, niður hafsins og einstök söfn í örstuttri fjarlægð frá þjóðvegi eitt.

OPNUNARTÍMAR
1. maí – 30. sept. kl. 10 – 17
sími: 483 1504
www.byggdasafn.is

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í nokkrum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur nýr bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Ný heimasíða með slóðinni www.byggdasafn.is leit dagsins ljós á árinu. Elín María

Halldórsdóttir vefhönnuður sá um gerð hennar. Stefnt er að því að efla síðuna enn frekar á árinu 2025.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins og gerð sýningaskilta fyrir sýningar safnsins. Og eins og áður er getið kom Sylvía víða við er kom að hönnun fyrir safnið.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Byggðasafn Árnesinga – Árnessýsla Heritage Museum“. Síðan er góð leið til að kynna starfsemi safnsins fyrir velunnurum sínum. Einstaka viðburðir voru „bússtaðir“ og gaf það góða raun. Fjölbreyttu safnatengdu efni er varpað út á síðuna sem Linda, Ragnhildur og Lýður sjá um.

Instagram-síða safnsins er mötuð með margvíslegum fróðleik og sér Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður um það.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+.

Safnið er aðili að Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnið er þar kynnt meðal annarra safna á Suðurlandi og nýtur góðs af þátttöku í stofunni. Til stofunnar var leitað um haustið varðandi ráðgjöf um kynningarmál.

Ótalin er sú kynning sem felst í ókeypis umfjöllun í fjölmiðlum. Umfjallanir um ýmsa þætti safnastarfsins var á árinu að finna í Dagskránni á Selfossi, sunnlenska.is, Morgunblaðinu og á Rás 1. Í júní var Jónína Óskardóttir í viðtali á Rás 1 um sumarsýninguna „Konurnar á Eyrarbakka“. Í nóvember kom Lýður í morgunþáttinn á Rás 1 og fræddi landsmenn um Ölfusárbrýr fyrir og nú. Ragnhildur og Linda sögðu frá jólasýningu safnsins í Morgunblaðinu í desember.

En besta markaðssetningin er sem fyrr fagmennska í safnastarfi og gott orðspor.

Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Íbúafjöldi samkvæmt Hagstofu Íslands var 21.477 í árbyrjun 2024, þeir voru 20.982 í árbyrjun 2023 en 20.076 í árbyrjun 2022 og 19.346 árið 2021. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur Brunavarna Árnessýslu, Tónlistarskóla Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga auk Almannavarnanefndar Árnessýslu. Til standa stjórnskipulagsbreytingar sem munu hafa lítil áhrif á daglega starfsemi safnsins en héraðsnefndinni verður skipt upp í ný byggðasamlög. Formaður Héraðsnefndar Árnesinga er Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar en fulltrúar úr öllum átta sveitarfélögum sitja í nefndinni eftir íbúatölu.



Héraðsnefnd Árnesinga að loknum haustfundi 15. október 2024. Frá vinstri: Friðrik Sigurbjörnsson, Grétar Erlendsson, Brynhildur Jónsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Gestur Þór Kristjánsson, Haraldur Þór Jónsson, Helgi Kjartansson, Ellý Tómasdóttir, Kjartan Björnsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveinn Ægir Birgisson, Fjola St. Kristinsdóttir, Arna Ýr Gunnarsdóttir, Jón Bjarnason, Árni Eiríksson, Bragi Bjarnason, Guðrún S. Magnúsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Sandra Sigurðardóttir, V. Baldur Guðmundsson, Thelma Rún Runólfssdóttir, Álfheiður Eymarsdóttir, Rósa Sif Jónsdóttir ritari og Þórhildur Dröfn Ingvadóttir.

Héraðsnefnd Árnesinga kýs stjórn til tveggja ára í senn. Í stjórn sitja nú Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði, stjórnarformaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Árborg, varaformaður og Árni Eiríksson, Flóahreppi, ritari. Varastjórn skipa Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði, Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppi og Sveinn Ægir Birgisson, Árborg. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er af Héraðsnefnd Árnesinga og er þar fjallað ítarlega um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnarfundir ársins urðu fimm talsins. Stjórnarformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum stjórnar safnsins eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Tekin eru fyrir starfs- og rekstraráætlanir næsta árs, og eftirfylgni með áætlunum líðandi árs, ársskýrslur og ársreikningur áritaður. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar. Safnstjóri heldur stjórn upplýstum um starfsemina hverju sinni. Á árinu var tekið fyrir í stjórn móttaka grips sem í raun fellur ekki undir söfnunarstefnu safnsins en það er bifreiðin ÁR-67.

Um rekstur og fjárhag safnsins 2024

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	Fjárhags- áætlun 2024	2023
Rekstrartekjur				
Héraðsnefnd Árneseinga, framlag		87.500.000	87.500.000	82.700.000
Sveitarfélagið Árborg, framlag vegna Sjóminjasafns		7.245.000	7.245.000	7.245.000
Aðrar tekjur	8	17.780.615	14.900.000	15.471.007
		<u>112.525.615</u>	<u>109.645.000</u>	<u>105.416.007</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	9	55.386.192	57.600.000	53.935.545
Rekstur fasteigna	10	9.925.041	9.585.000	4.489.040
Annar rekstrarkostnaður	11	19.982.464	13.795.000	16.929.747
Afskriftir	5	8.721.709	8.670.062	8.721.709
		<u>94.015.406</u>	<u>89.650.062</u>	<u>84.076.041</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		18.510.209	19.994.938	21.339.966
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	(14.653.076)	(20.000.000)	(22.162.840)
Rekstrarniðurstaða ársins	6	<u>3.857.133</u>	<u>(5.062)</u>	<u>(822.874)</u>

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 29,1 milljón króna í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé og skuldir eru alls 254 milljónir króna.

Byggðasafn Árneseinga er með lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Á árinu 2017 og 2018 féllu á safnið kröfur vegna samkomulags um breytingar lífeyrismála opinberra starfsmanna. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Kröfurnar námu 14,3 milljónum króna. Í mars 2018 var tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta þessum kröfum. Í apríl árið 2019 var tekið 100 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að kaupa Búðarstíg 22 og fara í fyrstu framkvæmdir. Í febrúar og október 2020 voru tekin tvö 60 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til framkvæmda við Búðarstíg 22. Í árslok 2024 var skuld safnsins við Lánasjóð sveitarfélaga 195 milljónir króna.

Eyrarbakka 24. mars 2025,


Lýður Pálsson, safnstjóri.